

Lögin og mannúðin

I.

I annálum er sagt frá manni á 17. öld, sennilega eitthvað geggjúðum, sem skrifaði nokkur orð um heilagan anda, er óviðeigandi þóttu, og kastaði blaðinu inn á kirkjugólf. Fyrir þetta var hann dæmdur til að missa 3 fingur hægri handar, sjálfsagt þá, sem hann hafði haldið á pennanum með, og í ofanálag skyldi hann fá 12 vandarhögg hvert ár sem hann ætti ólífað. Þessum dómi var svo fullnægt, sennilega á Alþingi. Menn horfðu á hvernig höggni voru 3 fingur af hægri hendi þessa ógæfusama manns þannig að honum hlaut að verða hönlin alveg ónýt, jafnvel þó að sárin greru vel; og síðan var hann hýddur svo að hann mun ekki hafa getað legið á bakið, langa hríð. Eftir þetta gengu menn til búða og neyttu matar síns með góðri samvisku. Töldu þetta hrylli lega grimdarverk, sem þeir höfðu verið sjónarvottar að, lögmætt og sannkristilegt.

II.

Því verður nú að vísu ekki neitað, að menn eru hjer á landi á vorum dögum, stórum mannúðlegri en á öld Hallgríms Pjeturssonar. En þó vantar enn mikið á að vel sje, og kom mjer það í hug sem oftár, er jeg sá hvern

dóm Ottó Marteinsson hefir fengið. Mjer skilst afbrot Ottós vera það, að hann hafi, viti sínu fjær eftir nautn þess eiturs, sem nú einmitt lamar dómgreindina, og æsir upp hjá hinum vitskertu, lítuviðráðanlega löngun til frekar nautnar, ráðist í að stela svo um munaði af eiturdrykk þessum Viðeigandi refsing fyrir þesskonar afbrot, virðist mjer geta verið. að hinn seki væri — auk einhverra fjárútláta — dæmdur til vínbindindis, og jafnvel til að vera þauviðstaddur er áfengi væri helt niður. Löng fangelsisvist virðist helst líkleg til að geta komið í veg fyrir að hinn seki rjetti við aftur. Það er hætt við því, að mjög auknum erfiðleikum yrði að mæta þegar þeirri vist lyki, og að þá yrði enn freklegar en áður, eftir fremstu getu gripið til eiturdrykkjarins, sem sviptir menn svo vitinu og sljóvgar svo tilfinningarnar, að bölið gleymist um sinn, en sækir því fastar á síðan.

III.

Hróbjartur Ottó er sonur Marteinss heitins í Traðarkoti, Finnþoga sonar. Jeg þekti Traðakotsfólkið vel á barnsárum mínum, og eink-

um Marteín. Það var fólk sem af fremsta megni stritaði fyrir lítil-fjörlegu viðurværi. Finnþogi reri úr Sölhólsvör, á sexæringi þeirra Jóns og Steingrínis, og sá jeg hann oft bera sinn hlut á bakinu upp túnið, ekki ljettan. Traðarkotsfólk ið var langt frá því að vera nokkurt óhræsisfólk; það var vel inn-rætt, og einkum er mjer minnis-stætt, að enginn af þeim drengjum sem jeg kyntist á þarnsárum mínum, var fjær því að vera hrekkjóttur en Marteinn. Þó að hann væri stór og sterkur, neytti hann aldrei krafta sinna til að vera harðleikinn við þá sem minni máttar voru; en slíks dæmi voru þó nokkur. Maríu móður Ottós — sem enn er á lífi — þekki jeg miklu minna en Marteín, en jeg minnist þess, að móðir mín, sem var mjög maunglögg, gerði orð á því, að það væri mikið lán fyrir Marteín, að eiga svo góða konu.

Marteinn hafði orðið fyrir því óláni, að missa heilsuna. Hann var vel lagtækur og langaði til að verða trjesmiður, en foreldrar hans vildu að hann yrði skóari, og það þoldi hann ekki, varð brjóstveikur. Kom loks svo, að Marteinn varð, í stað þess að vera velmetinn trjesmiður í upp-

gangsbae, að lúta að starfi sem flestir munu heldur ófúsir að gegna. Vann hann að því með skyldurækni, og þó stundum svo, að hann var með sótthita og spýtti blóði. Er ekki ólíklegt að þessi ósjerhlífni hafi flýtt til muna fyrir dauða hans.

IV.

Börn Marteins þekki jeg miklu minna en sjálfan hann, en synir hans hafa verið íþróttamenn — Ottó í tölu fremstu glímumanna hjer — og ólíklegt þykir mjer, að börnin sjeu mjög ólík að innræti foreldrum sínum. Og ef Ottó Marteínsson hefir ekki annað fyrir sjer gert en að stela drukkinn nokkrum áfengisflöskum, svo að ekki verður aftur skilað, þá virðist mjer öll ástæða til að fremur væri stuðlað að því, að þessi hrösun yrði honum ekki fullkomlega að falli, en á hinn veginn. Og er þetta skrifað í þeirri von, að það gæti orðið til þess að vekja athygli einhverra þeirra á málinu, sem betri aðstöðu hafa en jeg, til að fá því til leiðar komið, að refsingu þeirri sem Ottó hefir verið dæmd, verði breytt meir til mannúðarhofs.

6. desember.

Helgi Pjeturss.

Hel. 17. des. 1942